

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagerð í Ólafsvík
nr. 64 29. mars 1965.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsínu, sem flytji skólþ frá húsínu út í aðalræsi og halda því við.

Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur skal verkið unnið á hans kostnað.

Greiða skal tengigjald, kr. 40 000.— fyrir hús með einni íbúð, en auk þess kr. 15 000.— fyrir íbúð umfram eina, fyrir atvinnuhúsnæði kr. 80 000.—.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 539 stig og breytast skv. henni.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Kostnað við holræsagerð hreppsins greiðist af holræsagerðinni, til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, þer hverjum þeim sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opin svæði, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en krónur 15 000.— af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Lágmarksgjald er miðað við byggingarvísitölu 539 stig og breytist skv. henni.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Ólafsvíkurhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn sem henta þykir svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.